

Litla-Borg - Húnaþingi vestra (áður Þverárhreppi)

Fyrirhugað skógræktarsvæði

Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

1. Inngangur

Litla-Borg ehf. hefur í hyggju að taka til skógræktar hluta þess lands jarðarinnar Litlu-Borgar í gamla Þverárhreppi, V.-Hún., sem liggur neðan Borgarvegar og niður að Víðidalssá. Fyrirhugað skógræktarsvæði er 124 ha. Hluti landsins er deig- eða votlendi sem ekki verður gróðursett í, heldur friðað.

Litla-Borg ehf. sótti um framkvæmdaleyfi til sveitastjórnar Húnaþings vestra fyrir skógrækt í landi Litlu-Borgar.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er á C-hluta náttúru-minjaskrár, nr. 404 – Björg og Borgarvirki, og þess vegna er framkvæmdin tilkynnt hér til Skipulagsstofnunar, til matsskylduákvörðunar umhverfismats, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka og d-lið iii. liðs 2. tölul. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ekki er hægt að veita framkvæmdaleyfi fyrr en ákvörðun liggur fyrir eða umhverfismat, ef ákvörðunin er sú. Framkvæmdaraðila er ekki kunnugt um að fleiri leyfa sé þörf.

Á jörðinni er sumarbústaðahverfi við Vesturhópsvatn, og núverandi landnotkun er fyrst og fremst til útivistar. Ekki hefur verið búskapur eða föst búseta á Litlu-Borg í marga áratugi.¹ Fram til vors 1946 bjuggu þar Kristófer Pétursson frá Stóru-Borg og Guðríður Emilía Helgadóttir frá Ósi í Miðfirði, en þar höfðu þau þá búið í 28 ár. Þaðan fluttust þau suður í Hvalfjörð. Kristófer var kunnur hagleiksmaður og silfursmiður, og ef til vill þekktasti ábúandi á Litlu-Borg.² Síðast bjuggu þar Jóhannes Magnússon og Sveinbjörg Ágústsdóttir 1951-1955, síðar á Ægissíðu s.sv.³ Jörðina keyptu nokkrir menn af suðvesturhorni landsins af Kristófer vorið 1946. Eigendur jarðarinnar eru rúmlega 60 talsins í dag og eru langflestir afkomendur þeirra er eignuðust jörðina fyrir 77 árum. 16 sumarhús eru á jörðinni, 35 stofnaðar lóðir og á annað hundrað lóðir skipulagðar til viðbótar. Eigendur stofnuðu einkahlutafélagið Litla Borg ehf. um jörðina árið 2006. Engar byggingar eru á jörðinni frá tíma ábúenda.

Litla-Borg er syðst sk. Ásabæja í Þverárhreppi, sem eru norðan Faxalækjar og austan Bjarga og Vesturhópsvatns; það eru Litla- og Stóra-Borg, Gottorp, Vatnsendi og Ásbjarnarnes.⁴ Gamla bæjarstæðið á Litlu-Borg er í brekku sunnan í lágum klettaás sem gengur til suðurs frá Borgarvirki. Þaðan er útsýn opin til austurs og suðurs um Víðidalinn. Berjaland mun vera gott á Litlu-Borg.⁵ Það á þó ekki við um fyrirhugað skógræktarsvæði.

¹ Litla-Borg var í eyði og í eigu margra árið 1984, sbr. svar landbúnaðarráðherra 3. maí 1984 við þingfyrirspurn um eyðijarðir. <https://www.althingi.is/altext/raeda/106/4600.html>

² Kristófer Pétursson frá Stóru-Borg - níræður. Morgunblaðið, 6. ágúst 1977, bls. 20-21 og 29. <https://timarit.is/page/1489055#page/n20/mode/2up>

³ Sigurður J. Líndal, & Stefán Á. Jónsson. (1989). *Húnaþing*. III. bindi. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga, Búnaðarsamband Vestur-Húnvetninga, Kaupfélag Húnvetninga, Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Sögufélagið Húnvetningur. Bls. 325.

⁴ Sigurður J. Líndal, & Stefán Á. Jónsson. (1978). *Húnaþing*. II. bindi, bls. 409

⁵ Sigurður J. Líndal, & Stefán Á. Jónsson. (1978). *Húnaþing*. II. bindi, bls. 446

2. Markmið og framkvæmd

Tilgangur skógræktarinnar sem áformuð er nú eru aðallega að hægt verði að nýta skóginn til útivistar, kolefnisbindingar og skógarnytja þegar fram í sækir. Öll þessi markmið eru vel samrýmanleg. Skógur bindur kolefni bæði í trjámum og í jarðvegi. Útivist er á allan hátt fýsileg í skógi, hvort sem hann er ungur eða gamall, og eftir að trén hafa náð nægum þroska má hafa af honum timburnytjar. Timbur eru þó langt því frá einu beinu nytjarnar sem hafa má af skóginum. Skógurinn verður opinn öllum almenningi til umferðar og útivistar.

Hvað varðar kolefnisbindingu, þá er það í fullu samræmi við stefnu íslenska ríkisins um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Kolefnishlutleysi er lykilþáttur í Parísarsamningnum sem hefur það að markmiði að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er.⁶

Skógurinn verður skipulagður þannig að hann falli vel að landinu. Lega og útlínur reita, val trjátegunna og jarðvinnsla (þar sem hún er nauðsynleg) verða með þeim hætti að ásýnd skógarins verður sem eðlilegust og fegurst. Verði jarðunnið í einhverjum reitum, verður það með TTS-herfi sem býr til 10-20 cm djúpar og 30-40 cm breiðar rásir í landið, eða með skógarstjörnu, sem gerir slitróttari herfingar. Þessi jarðvinnsla auðveldar gróðursetningu og bætir lífsskilyrði plantnanna fyrstu árin og eykur vöxt þeirra út æviskeiðið. Ekki er búist við að tap á jarðvegi eða kolefni úr honum verði mikið við þessa jarðvinnslu þar sem land er rýrt. Þar sem land er frjósamara mun gróður loka landinu innan fáeinna ára. Dæmi um jarðvinnslu má sjá á myndum 11-15. Þau dæmi eru að vísu ekki úr Húnavatnssýslu, en gera má ráð fyrir að útlit jarðvinnslu á skógræktarsvæðinu verði svipað. Mörk milli reita og mörk reita og úrtaka eru óregluleg og fylgja landgerðum. Ytri mörk samningssvæðisins eru beinar línur, en skógarjaðarinn verður að yfirlögðu ráði hafður óreglulegur þar.

Borinn verður áburður á allar plöntur nema lerk. Borið á einu sinni. Um 10-15 g á plöntu í upphafi gróðursetningar. Sé þéttleiki gróðursetningar um 2500 pl./ha jafngilda það 25-40 kg/ha í eitt skipti. Búast má við að borið verði sama magn á plöntur sem gróðursettar verða síðar (sk. íbætur) í stað þeirra sem kunna að drepast eftir fyrstu gróðursetningu. Rannsóknir hafa sýnt að útskolun á smáum áburðarskömmtum veldur ekki útskolun í grunnvatn.⁷ Ekki verða notuð varnarefni eða eitur, hvorki við gróðursetningu eða eftir að skógurinn verður kominn á legg.

Eigendur og stjórnarmenn Litlu-Borgar ehf., sem flestir eru sumarhúsa eigendur á jörðinni, munu annast gróðursetningu, grisjun og vöktun á svæðinu. Einnig verður fylgst með óæskilegri sjálfsáningu innan helgunarsvæða.

Engar línur eða strengir liggja um fyrirhugað skógræktarsvæði. Hvorki í jörðu eða lofti. Jarðstrengur frá RARIK liggur í landi Litlu-Borgar, en hann nær frá Faxalæk þar sem hann rennur úr Vesturhópsvatni og meðfram vatninu norður að Brautarhöfðavík. Er þetta alllangt frá fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Ekki verða gerðir neinir skurðir á svæðinu, hvorki til þess að þurrka upp land undir skógrækt, né í tengslum við slóðagerð um landið.

Áætlað er að slóðar verði samtals 2-3 km að lengd og verði ekki lagðir um deiglendi nema að mjög litlu leyti eins og sjá má á mynd 1. Töluvert er um lága mela sem rísa gróðursnauðir upp úr landslaginu og stór hluti slóða verður lagður þar. Gamall slóði, sem notaður var sem heybandsvegur á fyrri hluta síðustu aldar, liggur samsíða svæðinu og er teiknaður á mynd 1.

⁶ <https://www.althingi.is/alttext/151/s/1812.html>

⁷ https://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/02/lbl_1999-1-mid.pdf

Áætlað er að gróðursetning fari fram á árunum 2024 til 2034. Eftir það ætti hún að vera að mestu fullkláruð. Eftir það tekur við skeið umhirðu um skóginn, sem er helst fólgin í grisjun. Búast má við að lerkiteigar nái fullum vexti við 25 ára aldur, stafafura og alaskaösp við 35 ára aldur, greni og birki eftir 50 ára aldur. Högglotan er lengri (þ.e. þegar hlaupandi bolvöxtur á ári hefur þegar náð hámarki og tekur að minnka uns hann er orðinn jafn meðalársvexti). Það verður því síðari tíma mál hvort og með hvaða hætti skógurinn verður nýttur eftir að fullum vexti hefur verið náð – og fer það m.a. eftir eftirspurn eftir timbri, magni þess, vinnanleika og gæðum.

Ekki er fyrirhugað að girða svæðið af en jörðin í heild er afgirt. Engin mannvirkjagerð er fyrirhuguð á þessu svæði né áveitulögn.

3. Náttúrufar og landslag

Fyrirhugað skógræktarsvæði í landi Litlu-Borgar er í Þverárhreppi milli Vesturhópsvatns og Víðidalsár. Norðan við skógræktarsvæðið er Borgarvirki og landið er skjólgott, hallar suður og austur niður að ánni, og einkennist af misvel grónum lyngmóum og deiglendi.

Á vistgerðakorti NÍ⁸ má sjá að samningssvæðið er að stórum hluta flokkað sem votlendi, og þar sem það hefur ekki verið grafið eða ræst fram, þá telst það allt vera ósnortið votlendi. Benda má á að kort þessi byggja á fjarkönnun í skalanum 1:25.000 og hafa innbyggðan breytileika. Þau eru því ekki endilega rétt eða óbyggjandi heimild um vistgerðir á tilteknu landi, en gefa oft góðar vísbendingar. Ljóst er að gróðurkortlagning verður ekki gerð fyllilega með fjarkönnun einni saman (eins og vistgerðakort NÍ), heldur með því að ganga um svæðið og greina gróðurgerðir. Skv. gróðurfarsgreiningu skógræðings sumarið 2023 var landið að hluta flokkað sem deiglent, en ekkert sem mýri. Deiglendið verður undanskilið skógræktarframkvæmdum, og áætlað er að af 124 ha samningssvæði séu alls um 72 ha sem henta til skógræktar. Deiglendi er ekki sérstaklega verndað sem slíkt, heldur er það á mörkum þess að vera votlendi og þurrlendi (og finnst oft bókstaflega á mörkum þessara landgerða, þó að á umræddu svæði virðist deiglendi víðlendara en svo. Vera má að í deiglendinu fyrirfinnst votlendi, en í öllu falli er það undanskilið skógrækt í þessari áætlun). Þess vegna er ekki talin þörf á að hafa sérstök helgunarsvæði um deiglendi. Einnig má benda á, að afar ólíklegt er að tré sái sér í vel gróið deiglendi. Þéttur grassvörður hefur mjög hamlandi áhrif á alla sáningu trjáa, er það annarsvegar vegna þess að fræin ná ekki niður í mold til að spíra, og hinsvegar vegna þess að þétt gras kefjar auðveldlega smáplöntur af fræjum sem hugsanlega munu hafa getað spírað. Þess vegna telur framkvæmdaraðili einnig óþarft að viðhafa sérstaka vöktun eða mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegrar sjálfsáningar í deiglendið.

Sé stuðst við Vistgerðakort NÍ⁸, þá munu algengustu vistgerðir í votlendi á svæðinu teljast starungsmýravist (mjög hátt verndargildi), runnamýravist á láglendi (mjög hátt verndargildi) og gulstaraflóavist (mjög hátt verndargildi). Ekkert bendir til að þessum votlendisvistgerðum geti verið skaði búinn af skógrækt í nánasta umhverfi, enda verða þær ekki skertar eða fordjarfaðar við framkvæmdirnar. Hugsanlegt er að uppvaxandi skógur hafi þó grenndaráhrif á fugla sem eiga búsvæði sín í deiglendinu eða votlendinu. Svæðið er ekki meðal mikilvægra fuglasvæða⁹, en ef miðað er við vistgerðaflokkun NÍ má gera ráð fyrir að helst megi finna lóupræl, spóa, þúfutittlinga, hrossagauk, jaðrakan, stelk, heiðlóu, kjóa, óðinshana og grágæs, stokkönd, urtönd, grafönd og álft.¹⁰ Sumar

⁸ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og <https://vistgerdakort.ni.is/>

¹⁰ Þessi upptalning er byggð á upplýsingum úr vistgerðaflokkun NÍ fyrir þær vistgerðir sem helst er að finna á svæðinu skv. vistgerðakorti NÍ. Sjá <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land>
<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land>

Þessara tegunda finnast nær eingöngu í blautu votlendi, og því telur framkvæmdaraðili ekki til að dreifa innan svæðisins.

Lítið er um graslendi á svæðinu skv. Vistgerðakorti NÍ, en þar finnast stinnastaravist (miðlungs verndargildi), grasengjavist (hátt verndargildi) og língresis- og vingulsvist (hátt verndargildi). Helstu fuglategundir sem búast má við að verpi í graslendinu eru þúfutittlingar, hrossagaukur, lóuþræll, spói, stelkur og heiðlóa.¹⁰

Algengustu mólendisvistgerðirnar á svæðinu skv. Vistgerðakorti NÍ eru grasmóavist (hátt verndargildi), fléttumóavist (miðlungs verndargildi) og fjalldrapamóavist (miðlungs verndargildi). Einnig finnast í minna mæli mosamóavist (lágt verndargildi), starmóavist (miðlungs verndargildi), lyngmóavist á láglendi (hátt verndargildi) og á rýrari melum hraunagambravist (lágt verndargildi).

Gera má ráð fyrir að land þar sem þessar vistgerðir finnast verði tekið undir skógrækt innan svæðisins. Fuglalíf þar, í algengustu móavistgerðunum þremur, er fremur rýrt, nema í fjalldrapamóavist. Í mólendinu er líklegt að finnist helst þúfutittlingar, spói, heiðlóa, hrossagaukur og lóuþræll, og hugsanlega rjúpa.¹⁰ Þá má einnig finna hraungambravist (lágt verndargildi) á svæðinu, og er þar líklegast að finna spóa og lóu.

Þekkt er að þúfutittlingar og hrossagaukar, auk rjúpna, nýta sér birkiskóga til búsvæða¹¹, en einnig aðra skóga, þ.m.t. ræktaða. Það er líklegt að fuglategundum sem bundnar eru við mólendi muni fækka, eftir því sem mólendið verður tekið undir skóg. Þetta eru spói, heiðlóa og lóuþræll. Þar sem ekki stendur til að skerða votlendi til þess að taka það undir skógrækt, má kannski helst horfa til þess að vísbendingar eru um að sumar fuglategundir, sem ekki kjósa sér skóg til búsvæða, taki sér síður bólfestu á svæðum nálægt skógi, þó að þau henti þeim að öðru leyti. Áhrifin kunna að ná fáein hundruð metra frá skógarjaðri. Nálægð við skóg virðist ekki skipta máli fyrir varp jaðrakans, en áhrifin eru neikvæð á lóuþræll og spóa.^{12,13}

Fuglalíf innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis hefur ekki verið kannað sérstaklega, og framkvæmdaaðili hyggst ekki leggja út í athuganir. Svæðið er ekki á skrá yfir mikilvæg fuglasvæði.¹⁴

Skógrækt eykur skjól í nærumhverfinu og eykur grósku. Ætla má að gróður og vatnsföll í nágrenninu og innan svæðisins verði fyrir jákvæðum áhrifum. Gróska eykst og hefur áhrif á jarðvegsmyndun, og kemur í veg fyrir hugsanlegt jarðvegstap. Þegar tímar líða, eftir að skógurinn er kominn af æskuskeiði og trén orðið mótandi þáttur í vistkerfinu, má búast við að aðrar vistgerðir komi í stað þeirra sem fyrir voru, og er verndargildi þeirra eftir atvikum, t.d. kjarrskóga-, lyngskóga- og blómskógavist (sem allar eru birkiskógavistgerðir), og hafa hátt verndargildi. Ekki hafa enn verið skilgreindar vistgerðir¹⁵ fyrir ræktaða skóga eða skóga af öðrum tegundum. Búast má við að aðrar tegundir sem ekki eru fyrir á svæðinu verði þannig hluti af skógarvistkerfinu þegar tímar líða, t.d. má gera ráð fyrir að spörfuglar og aðrir fuglar sem sækja í skóga komi sér í auknum mæli fyrir.

Skógur breytir landi, og líffjölbreytni á eftir að breytast með vexti skógarins, bæði dýralíf og gróðurfar. Þar sem fyrir er fábrotinn gróður kemur fjölbreyttari undirgróður með annarskonar sveppum, fléttum, flóru og smádýrafánu. Líklegt er að þær tegundir lífvera sem bundnar eru þeim búsvæðum

¹¹ sjá t.d. staðreyndasíður um birkiskógavistgerðir (L11) á <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land>

¹² Tómas Grétar Gunnarsson (2020). Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162, 2020. <https://timarit.is/page/7497480?iabr=on>

¹³ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

¹⁴ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>

¹⁵ þ.e. í vistgerðaflokkun NÍ, sjá <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land>

sem hverfa af svæðinu þegar landið breytist í skóg, muni fækka en þó er ekki skortur á búsvæðum fyrir þær tegundir í nágrenninu. Ekkert bendir því til að nein þeirra tegunda eigi eftir að eiga undir sérstakt högg að sækja vegna fyrirhugaðrar skógræktar.

Umrætt landsvæði hefur ekki nýst sérstaklega til útivistar, eða berjatýnslu. Hlutar jarðarinnar Litlu-Borgar eru með fagurt eða fjölbreytt landslag, en það er nokkuð fjarri fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Og eins og áður segir er áætlað að af 124 ha samningsvæði séu alls um 72 ha eða um 1/10 hluti jarðarinnar sem gróðursett yrði í. Jarðmyndanir eru engar sérstakar á svæðinu, og væntanlega þegar huldur gróðri ef einhverjar eru.

Með ræktun á fjölbreyttum og vel skipulögðum skógi sem vel fellur að landinu verður svæðið tilvalið til útivistar bæði fyrir eigendur sem og almenning og ekki síður með ennþá fegurra og fjölbreyttara landslagi en nú er.

4. Tengsl við aðalskipulag

Ekkert svæðisskipulag er í gildi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026¹⁶ er fyrirhugað skógræktarsvæði að mestum hluta innan svæðis sem skilgreint er sem frístundabyggð, F4. Um hana segir í aðalskipulaginu, bls. 17: „í landi Litlu-Borgar, svæðið er um 447 ha, gert er ráð fyrir 134 lóðum og af þeim eru þegar 12 byggðar. Til er deiliskipulag frá 6. maí 2011.“ Deiliskipulag fyrir frístundabyggð er á minna svæði en F4 allt, og nær ekki inn á fyrirhugað skógræktarsvæði. Í aðalskipulagi er ekki minnst á skógrækt í umfjöllun um svæði undir frístundabyggð.

Lítill hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er utan þess sem merkt er sem frístundasvæði, og er það næst Víðidalssá sunnanvert. Það svæði er merkt sem landbúnaðarland. Um landbúnaðarland fjallar á bls. 19-21 í aðalskipulagi. Leyfilegt er að stunda skógrækt á landbúnaðarsvæðum með þeim áherslum og takmörkunum sem tilgreindar eru í kafla 3.3.[7] um skógræktar- og landgræðslusvæði (bls. 21). Meta skal gildi lands til ræktunar sé land tekið undir skógrækt. Til viðmiðunar er þessi flokkun: *Flokkur 1. Gott ræktunarland á samfelldu sléttu svæði. Þessi svæði eru einkum á láglandi, en einnig annað land sem auðvelt er til jarðvinnslu með tilliti til jarðvegsgerðar og aðgengi[s]. Í þessum flokki er að jafnaði mikilvægasta landbúnaðarlandið og er því ekki ætlað til annarskonar landnotkunar en landbúnaðar. Flokkur 2. Rýrt og óslétt land sem hentar verr til ræktunar. Ekki eins mikilvægt ræktunarland og því frekar hægt að fá undanþágu um að nýta það til annars s.s. skógræktar eða frístundabyggðar.* (bls. 19). Nokkuð ljóst er að fyrirhugað skógræktarsvæði fellur undir flokk 2 enda bæði óslétt og einnig rýrt að stórum hluta. Einnig er enginn vafi á að það verður ekki nýtt til ræktunar, ekki bara vegna þess að það hentar illa til akurræktunar, heldur einnig vegna þess hvernig eignarhaldi jarðarinnar er háttað og bygginga- og aðstöðuleysis til búskapar á jörðinni.

Um skógræktar- og landgræðslusvæði er fjallað á bls. 45-46 í aðalskipulagi. Umrætt svæði er ekki skráð sem slíkt, en áherslur og takmarkanir gilda þó um skógrækt þar, einsog áður sagði skv. landbúnaðarkaflanum. Um skógrækt segir m.a. að taka skuli tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum, hafa í huga kennileiti í landslagi og að jarðmyndunum verði ekki spillt. Leitast verði við að nýta óræktað land til skógræktar (umfram ræktað land). Lögð er áhersla á að tegundaval sé sem fjölbreyttast og að tillit sé tekið til umhverfisþátta (náttúru).

¹⁶ <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/Display.aspx?countyno=5508>

Svæðið er ekki hverfisverndað í aðalskipulagi, en það er hinsvegar á náttúruminjaskrá einsog áður sagði, og merkt sem slíkt í aðalskipulagi. Hverfisvernd er í aðalskipulaginu (bls. 43) hugsuð fyrir þau svæði sem ekki eru á náttúruminjaskrá.

Það má benda á að Skipulagskort fyrir Litlu Borg „sumarbústaðalóðir – skógrækt 1990-2010“ var samþykkt í hreppsnefnd Þverárhrepps 21.5. 1990.¹⁷ Á þessu skipulagskorti er það svæði sem nú er fyrirhugað að rækta skóg á greinilega merkt sem „landgræðsla skógrækt“ og í raun mun stærra svæði skilgreint þannig.

5. Minjar

Engar skráðar fornminjar eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis. Á svæðinu sem er innan náttúruminjaskrár er minnst á „athyglisverðar [...] fornminjar, Borgarvirki.“ Borgarvirki eru afar merkilegar minjar, bæði jarðfræðilega og sögulega, þó að óljóst sé hvort og hvenær það hafi verið notað sem vígi.¹⁸ Borgarvirki er þannig helstu fornminjarnar sem taldar eru fram í lýsingu svæðisins í náttúruminjaskrá, og gera má ráð fyrir að það sé það eina sem átt er við í lýsingunni. Borgarvirki er 1,5 km frá fyrirhuguðu skógræktarsvæði þar sem það er næst. Borgarvirki stendur einnig mun hærra í landinu en skógræktarsvæðið. Ekki er talið að fyrirhuguð skógrækt geti skert gildi Borgarvirkis. Staðsetningu Borgarvirkis má sjá á mynd 8.

6. Náttúruminjaskrá

Fyrirhugað skógræktarsvæði er allt innan svæðis sem er á C-hluta náttúruminjaskrár, nr. 404 - Björg og Borgarvirki, Þverárhreppi, V- Húnavatnssýslu. Að vestan fylgja mörkin vesturbakka Sigríðarstaðavatns og Hólaá suður á mótis við Hrutatanga, síðan meðfram vestur- og suðurbökkum Vesturhópsvatns að Faxalæk. Að sunnan og austan ræður Faxalækur, austurbakki Víðidalsár og vesturbakki Hópsins út í Bjargaós. Það sem verndað er á svæðinu er: „Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.“

Þess var gætt að á fyrirhuguðu skógræktarsvæði sé ekki að finna neitt af því sem ætlað var að vernda með skráningu á náttúruminjaskrá. Þar eru engar athyglisverðar jarðmyndanir eða fornminjar, björg, tjarnir, mýrlendi eða sandar. Eins og fram kemur hér að ofan skv. gróðurfarsgreiningu skógfræðings árið 2023 var landið að hluta flokkað sem deiglent, en ekkert sem mýri. Deiglendið verður undanskilið skógræktarframkvæmdum.

Borgarvirki er ekki innan jarðarmarka Litlu Borgar en liggur að þeim að norðanverðu. Um Borgarvirki er rætt í 5. kafla í þessari greinargerð.

¹⁷ Kortið má sjá á:

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=16634649845716876429>



og greinargerð með skipulaginu:

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=29634950714212026365>

¹⁸ Um þessar slóðir gerast miklir atburði sem sagt er frá í Heiðarvígasögu. Borgarvirki er þó hvergi nefnt í þeirri gerð sögunnar sem hefur varðveist. Munnmæli hafa eignað Borgarvirki Víga-Barða, eða jafnvel sagt það komið frá Finnþoga ramma. Um þetta sjá m.a. Björn M. Ólsen Borgarvirki. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1880-1881, bls. 99-113. <https://timarit.is/page/2045950#page/n97/mode/2up>



Samningssvæði
 Jörð: Litla-Borg
 Sveitarfélag: Húnaþing Vestra
 Landnr: 144549
 Stærð skógræktarsvæðis: 124 ha
 Jarðareigandi:
 Litla Borg ehf

-  Samningssvæði
-  Hnit samningssvæðis



Dags: 1/28/2022



 0 155 310 m

Mynd 1. Hnitsettur uppdráttur af staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar.




Skógræktaráætlun
Litla-Borg

-  Deiglendi
-  Skógrækt
-  Vegir og slóðar áætlanir

Kortagerð: Johan Holst



Mælikvarði: 1:8,000 Dagsetning: 11/01/2024




Mynd 2. Útlínur skógræktarsvæðið með slóðum og deiglendi. Slóðinn utan svæðisins var í notkun hjá ábúanda fyrri hluta síðustu aldar.



Mynd 3. Útlínur Skógræktarsvæðið og tegundakort. Skipulagt er skógrækt með fjölbreytt tegundaval sem fellur vel að legu lands.



Mynd 4. Hluti af fyrirhuguðu skógræktarsvæði suður




Mynd 5. Hluti af fyrirhuguðu skógræktarsvæði – horft í suður



Mynd 6. Hluti af fyrirhuguðu skógræktarsvæði norðaustur



Mynd 7. Hluti af fyrirhuguðu skógræktarsvæði norður



Mynd 8. Svæði á náttúruminjaskrá „404. Björg og Borgarvirki“ Tekið úr greinargerð með aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026



Mynd 9. Svæði á náttúruminjaskrá „404. Björg og Borgarvirki“ Tekið úr greinargerð með aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026



Mynd 10. Stofnaðar lóðir á Litlu-Borg, Borgarvirki. Tekið af map.is



Mynd 11. Jarðvinnsla í mólendi. Ljósmynd Þröstur Eysteinnsson



Mynd 12. Jarðvinnsla í graslendi. Ljósmynd Pétur Halldórsson



Mynd 13. Jarðunnið graslendi ári eftir jarðvinnslu. Ljósmynd Þröstur Eysteinnsson



Mynd 14. Jarðunnið mólendi 13 árum eftir jarðvinnslu. Ljósmynd Þröstur Eysteinnsson



Mynd 15. Jarðunnið mólendi 20 árum eftir jarðvinnslu. Ljósmynd Þröstur Eysteinnsson